



**22. fundur
bæjarráðs Norðurþings
haldinn í stjórnsýsluhúsi Norðurþings,
fimmtudaginn 25. ágúst 2011 og hófst hann kl. 16:00**

Fundinn sátu:

Gunnlaugur Stefánsson, Þráinn Guðni Gunnarsson, Trausti Aðalsteinsson, Olga Gísladóttir, Áki Hauksson, Bergur Elías Ágústsson, Guðbjartur Ellert Jónsson,

Fundargerð ritaði: Guðbjartur Ellert Jónsson, fjármálastjóri - staðgengill bæjarstjóra

Dagskrá:

1. 201108041 - 6 mánaða rekstur Norðurþings

Fyrir bæjarráði liggur kynning bæjarstjóra á 6 mánaða rekstri Norðurþings og er grunnrekstur sveitarfélagsins í takt við fjárhagsáætlun ársins 2011.

2. 201108040 - Viljayfirlýsing milli Zhongkun Group og Norðurþings

Fyrir bæjarráði liggur viljayfirlýsing milli Zhongkun Group og Norðurþings. Bæjarstjóri fór yfir og kynnti viljayfirlýsinguna sem felur í sér samvinnu er varðar skipulagsmál og uppbyggingu ferðaþjónustu í héraði. Fyrirtækið stefnir að verulegum fjárfestingum í sveitarfélaginu Norðurþingi gangi þær áætlanir sem kynntar hafa verið eftir.

3. 201108033 - Iðnaðarráðuneyti, tillaga til þingsályktunar um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða

Fyrir bæjarráði liggur tillaga iðnaðarráðuneytisins til þingsályktunar um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða. Bæjarráð frestar afgreiðslu málsins og felur bæjarstjóra að vinna áfram að undirbúningi að umsögn og athugasemdum sveitarfélagsins vegna fyrirbyggjandi tillögu ráðuneytisins. Skilafrestur á athugasemdum er til 11. nóvember 2011.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 17:15